



Reykjavík, 8. mars 2021

**Til:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.**Efni:** Umsögn SORPU við tillögu fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um jafnara aðgengi að endurvinnslu. - fyrirspurn R20100433

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 29. október 2020, var svohljóðandi tillögu fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um jafnara aðgengi að endurvinnslu, vísað til umsagnar stjórnar Sorpu og aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, sbr. 5. lið fundargerðar s.d.:

*„Fulltrúi Sósíalista í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði leggur til að á að minnsta kosti einni móttökustöð Sorpu geti einstaklingar fengið aðstoð við að setja endurvinnanlegan úrgang í viðeigandi gáma. Í dag er staðan sú að ekki allir sitja við sama borð þegar kemur að því að skila flokkuðum úrgangi á viðeigandi staði. Ekki allir eru færir að nýta sér grenndargáma og erfitt getur verið að fá aðstoð á móttökustöðvum Sorpu. Í ljósi þess er lagt til að á að minnsta kosti stöð verði hægt að fá aðstoð með að tæma bílinn.“*

Umsagnarbeiðnin barst SORPU bs. þann 2. nóvember 2020.

### **Umsögn SORPU bs.**

SORPA þakkar fyrir ábendinguna um mikilvægi þess að jafna aðstöðu fólks við skil á úrgangi og endurvinnsluefnum. SORPA leikur lykilhlutverk við innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi og er mikilvægt að rýna þær hindranir sem kunna að vera í vegi innleiðingar þess.

SORPA rekur sex endurvinnslustöðvar fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Stöðvarnar hafa meðal annars það hlutverk að taka við flokkuðum úrgangi til endurvinnslu og öðrum úrgangi sem sorphirða sveitarfélaganna safnar ekki við húsvegg. Stöðvarnar eru misstórar en samtals taka þær við um 60.000 tonna efnis á ári en skilað magn hefur aukist mikið síðustu ár.

Á hverri stöð starfa á hverjum tíma tveir til fimm starfsmenn og eru stöðvarnar opnar um 355 daga ársins. Í hlutverkalýsingu starfsmanna á endurvinnslustöðvum er ekki gert ráð fyrir að starfsmenn aðstoði viðskiptavinum við að tæma bíla heldur einungis að þeir taki á móti og leiðbeini um losun. Mönnun stöðvanna miðast við þetta hlutverk. Hins vegar er starfsmönnum uppálagt að aðstoða fólk sem ekki getur losað þau efni sem komið er með þegar færi gefst.

Í tillögu fulltrúa Sósíalista kemur ekki fram umfang þeirrar þjónustu sem farið er fram á, hverjar séu helstu takmarkanir í núvarandi aðstöðu, hver sé áætlaður fjöldi fólks sem þarf á aðstoð að halda, hvaða efni það séu helst sem aðstoða þarf við að losa eða hvaða aðra þætti í aðstöðu endurvinnslustöðva mætti skoða til að koma til móts við þarfir sem flestra.



SORPA óskar því eftir við fulltrúa Sósíalístaflókksins að fulltrúinn útfæri nánar þær hugmyndir og það fyrirkomulag sem óskað er eftir að tekið verði í þeim tilgangi að áætla umfang og útfærslu bættrar aðstöðu á endurvinnslustöðvunum, þannig að sem flestir sitji við sama borð þegar kemur að því að skila flokkuðum úrgangi á viðeigandi staði. SORPA er boðin og búin að funda með fulltrúanum til að ræða málefni endurvinnslustöðva frekar við fulltrúa Sósíalísta í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á umsögninni.

Virðingarfyllst,

---

Jón Viggó Gunnarsson,  
Framkvæmdastjóri SORPU bs.